

Ed.

700. Nefndarálit

um frumvarp til laga um afnám laga nr. 21, 20. okt. 1905, um skýrslur um alidýrasjúkdóma.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin athugaði þetta mál og leitaði sjer upplýsinga um árangur laganna hjá hagstofunni.

Nefndin gat ekki varist þeirri hugsun, að hjer væri að ræða um miður viðfeldna uppgjöf, uppgjöf á því að safna skýrslum, sem gátu, ef vel væri, orðið til nokkurs gagns og fróðleiks, væri vel á haldið.

En þar sem nefndarmönnum var það kunnugt, og skýrsla hagstofunnar staðfesti það sama, að söfnun þessara skýrslna hefir frá því fyrsta gengið afar illa, og að þær skýrslur, sem gefnar hafa verið, muni að sama skapi hafa verið mjög óábyggilegar yfirleitt, þá sá nefndin ekki næga ástæðu til þess að beitast

móti frumvarpinu, úr því að það er fram komið, og ræður því háttv. efri deild
til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 28. ágúst 1917.

Hjörtur Snorrason,
formaður.

Guðjón Guðlaugsson,
ritari.

Guðm. Ólafsson.